FRÉTTABLAÐIÐ

121. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 22. JÚNÍ 2021



Þetta snorklandi ævintýrafólk klæddist einkennislitum tjaldsins áður en það dýfði sér í ískaldan faðm Silfru á Þingvöllum og skyggndist eftir leyndardómum gjárbotnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ballarin vill skýrslur af Play-mönnum

Michele Ballarin hefur farið fram á að teknar verði skýrslur af ellefu aðilum tengdum WOW air og gjaldþroti þess vegna horfinna flugrekstrarhandbóka. Meðal þeirra eru núverandi forsvarsmenn Play.

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Fyrirtæki Michele Ballarin, USAerospace Partners Inc., bað í gær um að teknar yrðu vitnaskýrslur af ellefu manns, tengdum hinu fallna flugfélagi WOW air, til að leita sönnunar um hvar flugrekstrarhandbækur félagsins enduðu. Meðal þeirra eru Arnar Már Magnússon, Sveinn Ingi Steinþórsson og Þóroddur Þóroddsson, forsvarsmenn flugfélagsins Play.

Fleiri fyrrverandi starfsmenn WOW air eru á listanum í beiðni, sem Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Ballarin, sendi á Héraðsdóm Reykjaness, sem og Sveinn Andri Sveinsson, skiptastjóri þrotabúsins, og Páll S. Pálsson hjá Samgöngustofu.

„Umbjóðandi minn telur fullvíst að þessir aðilar geti varpað ljósi á þá atburðarás sem átti sér stað á þessum tíma þegar WOW air hf. fer í þrot, sem og atburðarás áður og í kjölfarið," segir í beiðninni.

Þegar WOW air hafi farið í þrot, í mars árið 2019, hafi ein verðmætasta eignin verið flugrekstrarhandbækurnar, sem væru gríðarmiklar að umfangi og forsenda þess að flugfélag geti fengið leyfi sem flugrekandi hjá Samgöngustofu. Meðal bóka má nefna þjálfunarhandbók, viðhaldshandbók, gæðahandbók og öryggishandbók.

> **Flugrekstrarhandbækur WOW hafa ekki fundist hjá þrotabúinu.**

Hafi handbækurnar og fylgiskjöl þeirra ekki verið í gögnunum sem fyrirtæki Ballarin keypti, þrátt fyrir fullyrðingar skiptastjóra um annað, og ekki enn fundist innan þrotabúsins, hvorki á rafrænu formi né prentuðu.

„Í því sambandi má nefna það að finnist áðurnefnd gögn er nauðsynlegt að vita hvort öryggishandbók WOW air hafi verið notuð af Fly Play því þá má segja að bókin sé ónothæf þar sem innihald hennar eru upplýsingar um það hvernig WOW air hagaði sínum öryggismálum, sem er eitthvað sem má ekki vera á almennu vitorði," segir í beiðninni.

Ætla mætti að bækurnar hafi verið til staðar við gjaldþrotið þar sem félagið hafi ekki getað starfað án þeirra. Hljóti þeim því að hafa verið eytt. „Umbjóðandi minn hefur ástæðu til að ætla að afrit hafi verið tekið af framangreindum flugrekstrarhandbókum, ásamt fylgiskjölum, án heimildar og vitneskju umbjóðanda míns, og gögnin hagnýtt af þriðja aðila til þess að sækja um flugrekstrarleyfi." Þetta félag sé Play, þá WAB, sem sótti um flugrekstrarleyfi í júní árið 2019. ■

Samfélagslegt ónæmi að eflast

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 „Þessi smit sem eru að greinast bæði hér innanlands og á landamærunum eru ekki að dreifa úr sér, sem segir okkur að það er komið nokkuð gott samfélagslegt ónæmi," segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Þótt samfélagslegt ónæmi sé á góðri leið eftir góðan árangur í bólusetningum hér á landi minnir Þórólfur á að faraldurinn sé ekki búinn og mikilvægt sé að sofna ekki á verðinum.

„Fólk sem til dæmis er ekki fullbólusett þarf að gæta vel að sér að smitast ekki og ég tala nú ekki um þá sem eru óbólusettir," segir Þórólfur. ■ — SJÁ SÍÐU 4





Um 400 starfsmenn hafa veikst af Covid eða verið barnshafandi.

Næstum því allir bólusettir á LSH

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Langmestur meirihluti þeirra sem starfa á Landspítala hefur þegið bólusetningu gegn Covid-19 en heilbrigðisstarfsfólk var í forgangi þegar kom að bólusetningum hér á landi.

Anna Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofu forstjóra Landspítala, segir að af um sex þúsund starfsmönnum spítalans hafi aðeins um átta hundruð ekki fengið bólusetningu. „Um það bil 400 eru ekki búin að fá bólusetningu vegna þess að þau eru búin að fá Covid og einhver álíka fjöldi vegna þess að þær eru barnshafandi," segir hún.

„Svo eru örfáir sem ekki hafa þegið bólusetningu eða hafa ekki viljað bólusetningu, þá erum við að tala um tíu manns í mesta lagi," segir Anna Sigrún. ■

Sólstöðum fagnað í kúlunni



Andaktin var í algleymingi í sumarsólstöðujóga í Norðurljósakúlunni í Hafnarfirði í gær. Að fornum sið halda jógaiðkendur jafnan upp á sumar- og vetrarsólstöður og setja sér markmið fyrir næsta hálfa ár. Að sögn viðstaddra breytti staðsetningin öllu, en innan í glerkúlunni er nándin við náttúruna meiri og auðvelt að fagna sólinni sem faldi sig bak við skýin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þingmenn liggja enn þá undir feldi

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Þingmennirnir Brynjar Níelsson og Haraldur Benediktsson liggja báðir undir feldi og íhuga hvort þeir taki sæti á lista.

„Ég hef ekki tekið ákvörðun en ég hef ekki mikið lengri tíma," segir Brynjar en brátt verður stillt upp á lista í samræmi við úrslit prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Prófkjörum er nú lokið og ljóst að íhaldssamari armurinn laut í lægra haldi fyrir hinum frjálslyndari. Auk Brynjars og Haraldar tapaði Vilhjálmur Árnason oddvitaslag í Suðurkjördæmi og Sigríði Á. Andersen var algerlega hafnað í Reykjavík. ■

Uppbygging hafin á sjöttu starfsstöð þjóðgarðsins

arnartomas@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, setti í gær af stað uppbyggingu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Skútustöðum í Mývatnssveit. Stofan verður rekin í húsnæði Hótels Gígs. Þar verður einnig boðið upp á starfsaðstöðu.

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er ríkinu skylt að halda úti sex meginstarfsstöðvum sem mynda þjónustunet. Gestastofan mun fullnusta uppbyggingu þjónustunetsins, en þegar hafa starfsstöðvar verið settar á laggirnar í Ásbyrgi, Skaftafelli, Skriðuklaustri og Hornafirði. Þá er bygging stöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri hafin. ■



Vilja minna unga karlmenn á Ljósið

Ljósið mun senda gríðarlega sterkt lið til leiks á Síminn Cyclothon þetta árið. Um leið og tilgangurinn er að hvetja unga karlmenn til þess að nýta sér starfsemi Ljóssins er markmiðið einfalt, að vinna hjólreiðakeppnina.

hjorvaro@frettabladid.is

HJÓLREIÐAR Keppni í Síminn Cyclothon hefst í dag en á morgun hefst liðakeppni hjólreiðanna. Margir af fremstu hjólreiðamönnum landsins munu leiða saman hesta sína og hjóla fyrir hönd Ljóssins, endurhæfingarmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda.

Í átta manna liði Ljóssins eru Ingvar Ómarsson, sem varð um síðustu helgi Íslandsmeistari í götuhjólreiðum, Hafsteinn Ægir Geirsson, sem varð í fjórða sæti á Íslandsmótinu, Kristinn Jónsson, sem varð Íslandsmeistari í U-23 ára flokki, og Páll Elís, sem varð í öðru sæti í flokki 50 ára og eldri. Auk þeirrra eru Hákon Hrafn Sigurðsson, Jón Ingi Sveinbjörnsson, Auðunn Gunnar Eiríksson og Þorsteinn Hallgrímsson í liðinu.

Markmið Ljóssins með þátttökunni í Síminn Cyclothon er að varpa ljósi á endurhæfingu krabbameinsgreindra og þá staðreynd að ungir karlmenn eru líklegri en aðrir hópar til að sleppa endurhæfingu þegar þeir greinast með krabbamein.

„Þegar það var komið að máli við mig og Þorstein Hallgrímsson um að leiða þetta verkefni þá langaði okkur að athuga hvort fremstu hjólreiðamenn landsins væru til í að taka þátt í þessu með okkur.

Ég líki þessu svolítið við að tveir skrifstofumenn séu á leið á firmamót í fótbolta og þeir hringja í Gylfa Þór Sigurðsson, Alfreð Finnbogason og Aron Einar Gunnarsson og fá sér svo sæti á bekknum sjálfir," segir Auðunn Gunnar um verkefnið.

„Okkur finnst mjög mikilvægt að minna á þá frábæru starfsemi sem



Liðsmenn Ljóssins eru allflestir þaulvanir hjólreiðamenn. MYND/RAGNAR TH.

> Ég líki þessu svolítið við að tveir skrifstofumenn séu á leið á firmamót í fótbolta og þeir hringja í Gylfa Þór Sigurðsson, Alfreð Finnbogason og Aron Einar Gunnarsson.
>
> Auðunn Gunnar Eiríksson.

Ljósið býður upp á. Það virðist vera þannig að það eimi enn þá eftir af gömlu karlmennskunni og karlmenn veigri sér við að nýta sér þá aðstoð sem er í boði eftir að þeir greinast með krabbamein.

Starfið í Ljósinu er til fyrirmyndar og fyrir utan að það hafi jákvæð áhrif á líkamlega heilsu að mæta í íþróttaþjálfunina þar hefur það ekki síður góð áhrif á andlegu líðanina. Við viljum hvetja unga karlmenn sem greinast með krabbamein til að kíkja á hvað Ljósið býður upp á," segir hann.

Verkefnið nýtur einnig stuðnings Hugleiks Dagssonar, sem hefur af þessu tilefni gefið út fimm teikningar sem sérstaklega eru tileinkaðar hugarfari karlmanna. Eitt af verkunum hefur ratað á bol sem kemur í sölu í takmörkuðu magni á næstu dögum. Yfirskrift verkefnisins er Annað en þú heldur, sem vísar til ummæla ungra karlmanna sem sótt hafa endurhæfinguna.

„Ég og Þorsteinn verðum svona meira í klappliðinu og okkar hlutverk er einna helst að sjá til þess að allt sé í góðu hjá hjólreiðamönnunum og halda uppi stuðinu í bílnum. Við erum algerir afreksmenn á því sviði. Okkar markmið er að vinna, það er ekkert flóknara en það," segir Auðunn Gunnar. ■

MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

LOKSINS ALVÖRU DRÆGNI ALLT AÐ 353 KM (WLTP)

MAXUS E-DELIVER 9 VEITIR ÞÉR FORSKOT Í UMHVERFISVÆNUM FLUTNINGUM



- Lægri rekstrarkostnaður
- Drægni allt að 353 km (WLTP)
- Fáanlegur í tveimur lengdum
- Flutningsrými frá 9,7-11 m^3

MAXUS 100% RAFKNÚINN

MAXUS E-DELIVER 9

VERÐ FRÁ KR. **8.500.000**

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Íbúar í Garðabæ fá infrarauðan sánaklefa við sundlaugina

benediktboas@frettabladid.is

GARÐABÆR Niðurstöður rafrænna kosninga fyrir Betri Garðabæ voru kynntar bæjarráði í síðustu viku en alls munu 100 milljónir renna í tíu verkefni.

Langmest mun fara í stígagerð í Heiðmörk, aðstöðu fyrir sjósport í Sjálandi og infrarauðan sánaklefa við Ásgarðslaug, eða 20 milljónir. Alls fara 10 milljónir í að fjölga bekkjum og áningarstöðum í bænum og krakkarnir geta farið að hlakka til

> **Þetta byggist alfarið á vilja íbúa.**
>
> Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ.

því koma á upp gosbrunni eins og þekkist erlendis fyrir krakka að sulla í á góðviðrisdögum, tveimur ærslabelgjum, aparólu og stjörnuskoðunarsvæði í upplandi Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, segist ánægð með valið á verkefnunum en íbúar komu með hugmyndirnar og kusu. „Þetta byggist alfarið á vilja íbúa."

Hugmyndafræðin er að íbúar séu sérfræðingar í sínu nærumhverfi og þess vegna erum við að leita til þeirra. Hvernig þeir vilja sjá sitt nærumhverfi þróast og með þessu erum við að þróa bæinn áfram," segir Hulda, en bærinn ætlar að taka sér tvö ár í að vinna verkefnin. ■



Ýmsar tillögur sem komust ekki í gegnum kosninguna eru þó nýttar af bænum til góðra verka.

MYND/AÐSEND

Hóta fjölskyldum dómara í kjölfar fótboltaleikja

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Knattspyrnusamband Íslands sendi í gær frá sér ákall til aðildarfélaga sinna vegna framkomu í garð dómara. Þar kemur fram að dómurum hafi verið hótað vegna ákvarðana sinna, og það jafnvel gerst að hótanir berist fjölskyldu dómara eftir leik.

> **Þetta einfaldlega verður að breytast og við í sameiningu verðum að skapa jákvæðara umhverfi fyrir dómgæslu og fótboltann í landinu.**
>
> Úr bréfi stjórnar KSÍ.

Áreiti og ógnandi tilburðir hafa sést í leikjum og eftir leiki. Þá er bent á að starfsaðstaða dómara, búningsklefar og önnur aðstaða, sé ekki boðleg. Gæslumenn, sem eiga að gæta öryggis dómara í leikjum, misnoti aðstöðu sína og nálægð við dómarana og hreyti ónotum í þá, vegna ákvörðunar í leiknum sem viðkomandi mislíkaði. Það sama á við um marga aðra starfsmenn félaga og leikja.

„Þetta einfaldlega verður að breytast og við í sameiningu verðum að skapa jákvæðara umhverfi fyrir dómgæslu og fótboltann í landinu," segir í bréfinu sem stjórn KSÍ kvittar undir. ■

Sóttvarnalæknir segir samfélagslegt ónæmi að nást með bólusetningum

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir samfélagslegt ónæmi vera að myndast hér í kjölfar bólusetninga. Í vikunni verða yfir 30 þúsund bólusett, í dag tíu þúsund með Janssen. Þórólfur segir óþarfa að hræðast Janssen frekar en önnur efni.

birnadrofn@frettabladid.is



Alls hafa verið gefnir yfir 350 þúsund skammtar af bóluefni hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir samfélagslegt ónæmi vera að myndast hér á landi í kjölfar bólusetninga gegn Covid-19. „Þessi smit sem eru að greinast bæði hér innanlands og á landamærunum eru ekki að dreifa úr sér, sem segir okkur að það er komið nokkuð gott samfélagslegt ónæmi," segir hann.

Þórólfur segir þó mikilvægt að muna að faraldurinn sé ekki búinn og að ekki megi sofna á verðinum. „Fólk sem til dæmis er ekki fullbólusett þarf að gæta vel að sér að smitast ekki og ég tala nú ekki um þá sem eru óbólusettir," segir Þórólfur og bendir á mikilvægi þess að allir hugi áfram að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum.

„Þá þurfum við að huga vel að okkur varðandi ný afbrigði, faraldurinn er í mikilli útbreiðslu í mörgum löndum, til dæmis í Bretlandi þar sem hann er í mikilli aukningu þannig að þetta er ekki búið þó að þetta gangi vel hjá okkur," segir Þórólfur.

Í vikunni stendur til að bólusetja um 33 þúsund einstaklinga með þremur tegundum bóluefna hérlendis. Á morgun fá um 18 þúsund manns bóluefni Pfizer, þar af fá 8.500 manns fyrri bólusetninguna

> **Við erum að tala um aukaverkanir sem eru svo örlitlar að það er örugglega meiri hætta af því að bara fara út í búð.**
>
> Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

en tvær sprautur þarf af efninu til að einstaklingur teljist fullbólusettur.

Um fimm þúsund manns var ætlað að fá seinni skammt af bóluefni frá AstraZeneca, sem dregst þó fram yfir helgi vegna seinkunar á sendingu af efninu. Í dag stendur til að bólusetja tíu þúsund manns með bóluefni frá Janssen.

Í apríl var bólusetningum með bóluefni frá Janssen frestað hér á landi eftir að upp komu tilfelli alvarlegra aukaverkana af bóluefninu í Bandaríkjunum. Aðspurður segist Þórólfur ekki búast við dræmari þátttöku í bólusetningu í dag en þegar önnur bóluefni eru gefin, óþarfi sé að hræðast bóluefni frá Janssen umfram önnur.

„Það geta verið aukaverkanir með þessum bóluefnum, þær eru mjög sjaldgæfar og miklu sjaldgæfari heldur en af Covid-sýkingu," útskýrir Þórólfur. „Og það eru bara tveir kostir í boði, annaðhvort að fá Covid eða að fá bólusetningu," bætir hann við.

Þannig að ungar konur ættu ekki að hræðast bólusetningu með Janssen?

„Nei, nei," segir Þórólfur.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, tekur í sama streng og Þórólfur. „Öll bóluefnin eru góð," segir Ragnheiður. „Við erum að tala um aukaverkanir sem eru svo örlitlar að það er örugglega meiri hætta af því að bara fara út í búð," bætir hún við.

Samkvæmt tillögum um tilslakanir á sóttvarnaaðgerðum innanlands var stefnt að því að síðari hluta júní hefðu 75 prósent þjóðarinnar fengið í það minnsta einn skammt af bóluefni og í kjölfarið yrði öllum takmörkunum innanlands aflétt.

Hingað til hafa allar áætlanir staðist og segja bæði Þórólfur og Ragnheiður gleðilegt hversu hratt hefur gengið að bólusetja þjóðina en aðspurður segir Þórólfur erfitt að segja hvenær hægt verði að aflétta öllum takmörkunum. „Við erum að feta okkur í átt að því." ■



SUMAR KVIZZ olís

Taktu þátt á **olis.is**, safnaðu glaðningum og njóttu þess að ferðast innanlands. Við drögum út glæsilega vinninga í lok sumars.



Taktu þátt hér

Banna lendingar og flug hvítrússneskra véla

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Ísland og sex önnur ríki hafa ákveðið að fylgja Evrópusambandinu að málum og bannað hvítrússneskar flugvélar í lofthelgi sinni. Hin löndin eru Noregur, Liechtenstein, Norður-Makedónía, Svartfjallaland, Serbía og Albanía.

Evrópusambandið bannaði flugumferð hvítrússneskra véla þann 5. júní síðastliðinn sem hluta af refsiaðgerðapakka gegn ríkisstjórn Alexanders Lúkasjenkó. Kveikjan var sú að Hvíta-Rússland þvingaði farþegaþotu Ryanair til að lenda til þess að handtaka blaðamanninn Roman Protasevitsj er hann var á leið sinni frá Grikklandi til Litáen.

> Ísland og sex önnur ríki bætast í hópinn.

Hvítrússneskar vélar mega því hvorki lenda á flugvöllum flestra Evrópuríkja né fljúga í gegnum lofthelgina. Þá hafa öll flugfélög í ríkjunum verið hvött til að fljúga hvorki til né í gegnum Hvíta-Rússland.

Evrópusambandið fagnaði ákvörðun Íslands og hinna sex ríkjanna. Í yfirlýsingu sambandsins, sem birt var í gær, segir að hún styrki þær refsiaðgerðir sem í gildi séu. „Evrópusambandið tekur eftir þessari skuldbindingu og fagnar henni," segir í yfirlýsingunni.



Hvítrússneskar vélar eru ekki velkomnar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrr í vikunni herti Evrópusambandið sínar eigin refsiaðgerðir gegn Hvíta-Rússlandi, það er 86 einstaklingum og fyrirtækjum. Er aðgerðunum nú beint sérstaklega að sjö geirum hvítrússnesks efnahagslífs, þar á meðal námuvinnslu, efnaframleiðslu og fjármálageiranum. Þessar aðgerðir verða staðfestar í vikunni. ■



Erlendir áhorfendur verða ekki leyfðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Áhorfendur um tíu þúsund á Ólympíuleikum

arnartomas@frettabladid.is

JAPAN Skipuleggjendur Ólympíuleikanna tilkynntu í gær að allt að tíu þúsund innlendir áhorfendur verði leyfðir á íþróttaleikvöngunum í Tókýó í sumar.

Í tilkynningunni kemur fram að á leikunum, sem hefjast 23. júlí, verði um helmingur af þeim áhorfendafjölda sem væri ef faraldurinn geisaði ekki.

Þrátt fyrir að erlendir áhorfendur verði ekki leyfðir gengur ákvörðunin þvert gegn ráðleggingum heilbrigðissérfræðinga sem töldu fýsilegast að leikarnir færu fram án áhorfenda.

Upphaflega átti að halda Ólympíuleikana í Tókýó í fyrrasumar en þeim var frestað um ár vegna ástandsins í heiminum. Samkvæmt skoðanakönnunum vilja um 65 prósent almennings í Japan að leikunum verði frestað aftur eða aflýst og um 70 prósent telja að ekki sé hægt að halda leikana með öruggum hætti. ■

Malarfarg til að verja ljósleiðarann

Verið er að leggja malarfarg yfir ljósleiðara við Suðurstrandarveg til að verja hann hita. Líklegt er að hraunið renni yfir á næstu dögum.

ingunnlara@frettabladid.is
arnartomas@frettabladid.is

ELDGOS Verkfræðistofan Verkís vinnur nú að lagningu um eins og hálfs metra malarfargs ofan á ljósleiðara sem liggur á 80 sentimetra dýpi meðfram Suðurstrandarvegi til að verja hann hita.

Ari Guðmundsson, byggingarverkfræðingur hjá Verkís, segir ljósleiðarans varinn í samræmi við fjarskiptastöðvar, en auk malarfargsins verður einangrun sett niður á völdum stöðum til að verja ljósleiðarann fyrir þúsund gráða heitu hrauninu.

Hraunið flæðir á miklum hraða úr Geldingadölum ofan í Nátthaga og þaðan í áttina að Suðurstrandarvegi til sjávar.

Helstu verkefni næstu daga snúa að styrkingu leiðigarðsins við suðvesturhluta Geldingadala í þeim tilgangi að bægja hraunrennsli frá Nátthagakrika. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins lagði leið sína að gosstöðvunum fyrir helgi voru aðeins ein jarðýta og ein grafa notaðar til að reisa hinn mikla varnargarð. Aðspurður segist Ari ekki hafa fengið aðra ýtu upp á hæðina.

„Við erum enn að vinna með eina ýtu. Við vinnum þá bara lengri daga við að hækka og styrkja vegginn," segir Ari.

Lögreglan á Suðurnesjum gaf í gær út tilkynningu þar sem ferðamenn voru varaðir við hættum í tengslum við gasmengun. Þar kemur fram að mengunin sé ófyrirsjáanleg sökum veðurs og lögreglan geti án fyrirvara lokað fyrir alla umferð að gosstöðvunum.



Frá gosstöðvunum í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Mér þykir sennilegt að þetta renni yfir á næstu dögum.



Jón Haukur Steingrímsson, jarðfræðingur hjá Eflu.

„Mér þykir sennilegt að þetta renni yfir á næstu dögum. Eins og þetta stefndi í fyrir helgi þá hefði allt eins verið búist við að þetta hefði verið komið út úr Nátthaganum í dag," segir Jón Haukur Steingrímsson, jarðfræðingur hjá Eflu, sem var við gosstöðvarnar í gær.

„Þetta var á mjög jöfnu skriði en nú hefur tungan syðst í Nátthaganum ekkert hreyfst síðan á laugardagsmorgun," segir Jón Haukur. „Hraunið hefur verið að þykkna innst í Nátthaganum þar sem það kemur niður og rennur aðeins í lokuðum rásum en heldur minna en fyrir helgi."

Jón Haukur segir að eins og staðan sé núna stefni ekki í að hraunið renni í vesturátt í átt að Svartsengi og Grindavík.

„Leiðigarðurinn við brúnina í framhaldi af Stórhól hindrar það," segir hann. „Ef það kemur mikið áhlaup á hann gæti það auðvitað gerst, en á meðan hraunið rennur meðfram leiðigarðinum og niður í Nátthaga þá gæti það tekið töluverðan tíma."

Gro Birkefeldt Moller Pedersen, jarðfræðingur við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, vinnur að gerð nýs hraunflæðilíkans, sem verður birt á frettabladid.is, vef Fréttablaðsins, í dag. ■



Löfven hefur viku til að leysa málin

ingunnlara@frettabladid.is

SVÍÞJÓÐ Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur nú rúma viku til að mynda nýja ríkisstjórn eða segja af sér og boða til kosninga. Vantrauststillaga á hendur forsætisráðherranum var samþykkt á sænska þinginu í gær.

Tillagan kom til eftir harðar deilur um afléttingu á þaki á húsaleigu nýbygginga. Ríkisstjórn Löfvens ákvað að leyfa markaðnum að ráða för en stjórnarandstaðan segir að með þessari ákvörðun hafi ríkisstjórnin svikið sænska módelið.

Ríkisstjórn Löfvens er minnihlutastjórn skipuð Jafnaðarmannaflokki forsætisráðherrans og Græningjum. Þingmenn Miðflokksins, Frjálslyndra og Vinstriflokksins hafa varið stjórnina falli þangað til að Vinstriflokkurinn dró stuðning sinn til baka.



Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar.

Segi Löfven af sér verður hann fyrsti forsætisráðherrann í sögu Svíþjóðar til að skilja við embættið með þeim hætti.

„Mér heyrist ekki á stjórnmálafræðingum í Svíþjóð að það liggi í augum uppi einhver lausn," segir Grétar Þór Eyþórsson stjórnmálafræðingur. Hann segir líklegt að ef Löfven takist ekki að mynda nýja ríkisstjórn muni hann segja af sér.

„Það er mikil og stór spurning hvort það sé fýsilegt fyrir hina flokkana," segir Grétar. „Menn sitja í sömu pattstöðunni áfram ef það verður kosið, miðað við mælingar." ■

Við gerðum mistök og biðjumst afsökunar

Ámælisverðir viðskiptahættir fengu að viðgangast í starfsemi útgerðar Samherja í Namibíu. Veikleikar voru í stjórnskipulagi og lausatök sem ekki áttu að líðast. Við brugðumst ekki við eins og okkur bar.

Þetta hefur valdið uppnámi hjá starfsfólki okkar, fjölskyldum, vinum, samstarfsaðilum, viðskiptavinum og víða í samfélaginu. Við hörmum þetta og biðjumst einlæglega afsökunar.

Það geri ég persónulega sem forstjóri og einnig fyrir hönd félagsins sem ætíð hefur haft vönduð vinnubrögð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi.

Við viljum ekki láta við það sitja að biðjast afsökunar heldur draga lærdóm af þessum mistökum og tryggja að ekkert slíkt gerist aftur. Í því skyni höfum við gripið til viðamikilla ráðstafana.

Frá upphafi hefur það verið meginmarkmið okkar að framleiða hágæða sjávarafurðir í sátt við umhverfið með ríka áherslu á sjálfbærni og góða umgengni við auðlindir sjávar. Við viljum halda því áfram og horfa fram á veginn.

Mistök okkar í Namibíu eru ekki síst okkur sjálfum mikil vonbrigði.
Við munum ekki láta slíkt henda aftur.

Þorsteinn Már Baldvinsson
forstjóri Samherja

Á heimasíðu Samherja má nú nálgast ítarlegri yfirlýsingu.

ICE FRESH SEAFOOD
SAMHERJI

Varðstaðan um mannréttindin



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Við sem búum við nokkuð jafnan rétt á alþjóðlegan mælikvarða leiðum hugann sjaldnast að því að sú staða gæti breyst. Fengin réttindi geta nefnilega líka verið tekin burt svo stöðug áminning og varðstaða um mannréttindi er nauðsynleg.

Mikið hefur áunnist í réttindabaráttu samkynhneigðra hér á landi frá árinu 1996 þegar Alþingi samþykkti lög um staðfesta samvist fólks af sama kyni.

Sama ár, 1996, samþykkti ungverska þingið áþekk lög og raðaði sér þannig í hóp þeirra fyrstu til að gera slíka betrumbót á mannréttindum síns samfélags, þótt ýmsar takmarkanir hafi verið á lagabreytingunni.

En í stað þess að halda áfram var árið 2012 farið marga reiti aftur á bak þegar ný stjórnarskrá ríkisstjórnar Viktors Orbán var lögfest. Samkvæmt henni takmarkast hjónaband við einstaklinga af gagnstæðu kyni og engin vernd er gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar. Það örlar á kaldhæðni í því að stjórnarskráin var að mestu samin af Jozsef Szajer, þáverandi Evrópuþingmanni flokks Orbán. Sama manni og sagði af sér þingmennsku þegar hann var handtekinn, nakinn í samkvæmi fyrir ofan hommabar, ásamt rúmlega tuttugu öðrum körlum, flestum án klæða.

Þetta samfélag sem raðaði sér framarlega fyrir kvartöld býr frá síðustu viku við lög sem útiloka hinsegin námsefni í skólum enda allar upplýsingar sem að mati yfirvalda ýta undir samkynhneigð eða kynleiðréttingu bannaðar innan átján ára. Á meðan hávær krafa um að hugtakið fjölskylda sé víkkað út í lagalegum skilningi heyrist víða um heim hefur ríkisstjórn Fidesz-flokksins sífellt þrengt þá skilgreiningu undanfarinn áratug.

Ungverjar eru aðilar að Evrópusambandinu og lofaði talsmaður framkvæmdastjórnar sambandsins í síðustu viku að lögin yrðu grandskoðuð af þeirra hálfu en ekki gagnrýnd fyrr en að vandlegri yfirferð lokinni.

Eitt er víst að framkvæmdastjórnin er undir þrýstingi að grípa til aðgerða gegn sífellt ólýðræðislegri framgöngu ríkisstjórnar Ungverjalands, enda ekki annað að sjá en að þessi nýju lög brjóti gegn sáttmálum sambandsins. Ný aðildarríki Evrópusambandsins þurfa að uppfylla hin svokölluðu Kaupmannarhafnarskilyrði um að stöðugleiki ríki í landinu og það sé lýðræðisríki sem virði mannréttindi. Þær kröfur uppfyllir ekki ríki sem brýtur þannig á hluta þegna sinna.

Rússnesk stjórnvöld samþykktu sambærileg lög árið 2013 og er allur „áróður“ sem hvatt gæti til samkynhneigðar bannaður yngri en átján ára. Nú um helgina fóru svo fram fjölmenn mótmæli samkynhneigðra í Póllandi. Óttast mótmælendur að réttindi þeirra verði skert enn frekar en forseti landsins hefur barist fyrir lagabreytingum sem hefta réttindi hinsegin fólks sem þar má hvorki giftast né ættleiða börn. Pólland er, eins og Ungverjaland, aðili að Evrópusambandinu.


Þetta er hættuleg þróun sem ekkert okkar ætti að vera rólegt yfir því sjálfsögð mannréttindi eru ekkert svo sjálfsögð. Samtökin 78 hafa gagnrýnt lagasetningunа í Ungverjalandi og hvatt íslensk stjórnvöld til að gagnrýna hana á alþjóðavettvangi og væri hreinlega skömm að öðru.

Þögn er sama og samþykki! ■

> Á meðan hávær krafa um að hugtakið fjölskylda sé víkkað út í lagalegum skilningi heyrist víða um heim hefur ríkisstjórn Fidesz-flokksins sífellt þrengt þá skilgreiningu undanfarinn áratug.



Halldór



Frá degi til dags

MOM Air

Íslendingar taka yfirleitt dræmt í hugmyndir um erlendar fjárfestingar hér á landi. Ástæðan blasti við okkur um helgina þegar flett var rækilega ofan af Michelle Ballarin, sem kvaðst á tímabili eiga WOW air og eiga stóran hluta í Icelandair. Kom í ljós að Ballarin átti ekki einu sinni fötin sem hún var í. Hárið er örugglega ekki hennar heldur. Almannatengill hennar hér á landi kaus að horfa fram hjá öllu þessu þegar hann var spurður um málið, staðfesti hann að Ballarin væri repúblikani. Svaraði hann engu um hvort blaðamannafundir hennar á Hótel Sögu hefðu í raun verið hluti af listgjörningnum MOM air.

Ein og hálf stjarna

Stóra útskriftarhelgin er að baki og ófáar háskólagráðurnar komnar upp á vegg. Liðin er sú tíð að boðið sé í snittur fyrir ömmu. Nú er enginn útskrifaður almennilega nema með sviði, tónlistaratriði, áhrifavöldum og uppistandara, helst í boði stórfyrirtækis. Fylgifiskur þess er að nú mætir Jón Viðar til að dæma veisluna. Nonni í Hlíðunum fær eina og hálfa stjörnu fyrir sína útskrift úr verkfræði. Hávaðinn var ærandi á köflum, gestavalið ömurlegt og brauðrétturinn var klénn. Eina sem Nonni gerði rétt var að leyfa litla bróður sínum að halda stutta tölu um uppeldi þeirra, var það falleg sena þrátt fyrir götótt handrit. ■

Betri borg fyrir börn



Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.



Skúli Helgason
formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Stuðningur við börn í Reykjavík verður aukinn, kerfið einfaldað og samstarf skóla og velferðarþjónustu aukið til muna. Þetta er í hnotskurn inntak nýrra tillagna sameiginlegs stýrihóps skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs en samstarf þessara tveggja stærstu fagsviða og -ráða borgarinnar hefur aldrei verið nánara. Verkefnið Betri borg fyrir börn verður innleitt í öll hverfi borgarinnar frá og með næstu áramótum. Miðlægt starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundar og sérfræðingar skólaþjónustu munu þá vinna hlið við hlið á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Við úthlutun fjármagns til grunnskóla verður horft meira til lýðfræðilegra þátta til að auka jöfnuð milli barna og borgarhluta; umsóknarferlar í skólaþjónustu verða rafvæddir og faglegt mat innleitt á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur þeirra. Faglegt árangursmat mun líka ná til vals á þeim stuðningsaðferðum sem beitt er hverju sinni, hvort sem það tengist vinnu með einhverfum börnum, lestrarkennslu eða öðrum þáttum. Þar skiptir sköpum að beitt sé sannreyndum aðferðum til að stuðningur við börn skili sér í betri líðan og bættri námslegri og félagslegri stöðu þeirra.

Markmiðið er að auðvelda aðgengi að skólaþjónustu þjónustumiðstöðva og bæta þjónustu við börn sem þurfa stuðning í námi og samþætta hann eftir megni öðrum stuðningi við fjölskylduna. Þetta er stórt framfaraskref fyrir foreldra sem þurfa síður að eyða orku og tíma í að læra á „kerfið“ og knýja dyra á ólíkum stöðum í leit að stuðningi við börn sín.

Bregðumst fyrr við

Sérstakt átak verður gert í að styðja við börn sem leitað hafa eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga skólaþjónustunnar í vetur en umsóknum um skólaþjónustu hefur fjölgað hratt undanfarið í tengslum við Covid-faraldurinn.

Innan Reykjavíkur er einlægur vilji til umbóta í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og þverpólitísk samstaða var um tillögurnar í borgarráði á dögunum, sem er dýrmætt veganesti inn í framtíðina. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Þrælahald nútímans



Tómas Gíslason
aðstoðar-framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.

Mansal er einn af alvarlegustu glæpum sem hægt er að fremja gegn annarri manneskju. Oft er talað um nútímaþrælahald en hugmyndir okkar um mansal tengjast flestar þrælahaldi úr mannkynssögunni og í seinni tíð vændisstarfsemi. En hvað er mansal?

Mansal er þegar einstaklingur hagnýtir annan einstakling í eigin þágu, yfirleitt í fjárhagslegum tilgangi. Mansal getur átt sér stað í ólíkum aðstæðum en fólk í viðkvæmri stöðu er líklegra til að verða hagnýtt, t.d. börn, ungmenni og fólk í nýju landi, sem þekkir ekki rétt sinn um vinnutíma, laun og aðstæður.

Birtingarmyndir mansals eru mýmargar. Helst má nefna nauðungarhjónabönd, kynlífsmansal, betl, brottnám líffæra, barnahernað, nauðungarþjónustu og þvinguð afbrot. Algengasta birtingarmynd mansals hér á landi er vinnumansal.

Í ljósi nýlegra breytinga á skilgreiningu mansals í almennum hegningarlögum breytist áhersla stjórnvalda og viðbragðsaðila gagnvart þolendum mansals. Nú tekur 112 við öllum tilkynningum um mansal, hvort sem þær berast frá þolanda eða aðstandanda. Tilkynnanda er boðið samband við lögreglu ef hann svo kýs og síðar Bjarkarhlíð, sem er móttaka þolenda mansals. Ekki allir sem eru í þessari viðkvæmu stöðu átta sig á að þeir eru þolendur mansals og að tengja má hagnýtingu þeirra við skipulagða brotastarfsemi.

112 leggur mikla áherslu á að vera traustur og hlutlaus aðili sem hægt er að leita til þegar grunur um mansal vaknar. Á vef 112.is má finna upplýsingar um birtingarmyndir mansals, þekktar aðferðir þeirra sem skipuleggja mansal, dæmisögur og hvaða úrræði eru í boði fyrir hugsanlega þolendur mansals. Vökul augu samstarfsfólks eða vegfarenda sem tilkynna til 112 geta bjargað manneskju úr aðstæðum mansals. Það er gríðarlega mikilvægt að almenningur sé upplýstur um eðli og umfang mansals og verði vakandi fyrir helstu einkennum þess svo hægt sé að uppræta mansal á Íslandi.

Hér eins og annars staðar gildir: Segðu frá! ■

Forðumst stórslys, aftur!



Sigurbjörn Gunnarsson
áhugamaður um miðborgina.

Í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar stóð til að byggja nýtt stjórnarráðshús, heljarmikinn steinkassa, á Bernhöftstorfunni svokölluðu. Sem betur fer tókst að forða því stórslysi m.a. fyrir tilstilli áhugafólks sem mætti einn morguninn og málaði gömlu húsin sem stóðu þar mörg hver í niðurníðslu. Þau voru síðan hvert af öðru gerð upp og gefa í dag miðbæ Reykjavíkur mikinn svip.

Í dag stöndum við frammi fyrir öðru stórslysi hinum megin við Bankastrætið því þar stendur til að troða nýju stjórnarráðshúsi fyrir aftan gömlu stjórnarráðsbygginguna. Ekki er byrjað að byggja og því enn hægt að forðast að eyðileggja þetta svæði með húsi sem engan veginn á heima þar.

Það skal ekki gert lítið úr því að forsætisráðuneytið er í húsnæðishraki með sína starfsemi en lausnin á því liggur í augum uppi. Innan skamms mun Landsbankinn, sem er nánast að fullu í eigu ríkisins, flytja í nýtt húsnæði milli Hörpu og Hafnartorgs. Það væri því kjörið að flytja forsætisráðuneytið í gamla Landsbankahúsið við Austurstræti. Þetta er virðulegt hús, vel viðhaldið á góðum stað sem hæfir vel forsætisráðherra og ríkisstjórnarfundir myndu sóma sér vel í gamla bankaráðsherberginu. Það er nóg pláss í Landsbankahúsinu fyrir hina 55 starfsmenn ráðuneytisins og jafnvel hægt að bæta við nokkrum fjölmiðlafulltrúum og aðstoðarmönnum. Þá verður líka enn þá styttra fyrir Katrínu að skokka yfir á Alþingi!

En hvað á þá að gera við gamla Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg? Lengi vel deildi ráðuneytið húsi með skrifstofu forseta Íslands þar til Davíð nennti ekki að hafa Ólaf Ragnar lengur í næsta herbergi og forsetinn flutti út á Sóleyjargötu. Því liggur beinast við að flytja skrifstofu forsetans á ný í stjórnarráðsbygginguna þegar ráðuneytið verður farið.

Aðalmálið er þó að enn má forðast það yfirvofandi slys sem nýbygging stjórnarráðsins er og raunar er stórundarlegt að ríkið skuli vera að byggja skrifstofuhúsnæði í miðborginni þegar fyrir liggur að þúsundir fermetra skrifstofuhúsnæðis eru að losna þar þegar Landsbankinn flytur, auk þess sem fram hefur komið að bankinn hyggst leigja eða selja frá sér hluta nýbyggingarinnar. ■





Okkar ástkæri

Einar Björgvin Gunnlaugsson

lést fimmtudaginn 10. júní.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 13.

Hanna Garðarsdóttir
Garðar Hilmarsson **Kristín Guðnadóttir**
Ingi Guðni og Hjalti Geir Garðarssynir.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásdís Marelsdóttir

Brúnavegi 13,
Reykjavík,

lést 7. júní á LSH Fossvogi.
Útförin fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 15.

Eyrún Helgadóttir **Guðbrandur Jónatansson**
Bjarnveig Guðbrandsdóttir **Bjarni Jónsson**
Jónatan Guðbrandsson **Rúna Sif Rafnsdóttir**
og barnabarnabörn.





Ástkær móðir mín, amma og langamma,

Erla Hjartardóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 14. júní.
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 23. júní, klukkan 11.00.

Á sama tíma verður minningarathöfn um son hennar,

Harald Kristjánsson

sem lést 12. janúar í Los Angeles, Bandaríkjunum.

Kristján Ragnar Kristjánsson
Krista Takefusa Kristjánsdóttir
Ragnar Orri Benediktsson
Erla Heiðrún Benediktsdóttir
Kristján Haraldsson
Davíð Örn Kristínarson
Guðný Ósk Árdal Sveinbjörnsdóttir
Guðrún Helga Sveinbjörnsdóttir
Dagur Steinn Sveinbjörnsson
fjölskyldur og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sími allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Sími: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason *útfararstjóri* | Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*



Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri* | Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÞETTA GERÐIST 22. júní 1986

Maradona skoraði með hjálp frá guði



Argentínski knattspyrnumaðurinn Diego Maradona skoraði tvö mörk í leik Argentínu gegn Englandi í heimsmeistarakeppni í knattspyrnu þennan dag árið 1986. Leikurinn fór fram á Estadio Azteca í Mexíkóborg.

Mikil spenna var fyrir leikinn, enda höfðu samskipti þjóðanna utan fótboltavallar verið fremur stirð vegna Falklandseyjastríðsins sem lauk fjórum árum fyrr.

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Hafdals hótel við Akureyri



Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akstursfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Móttöku-, brennslu– og orkunýtingarstöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vestmannaeyjabæjar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.


Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Loftviftur

Tilboð 24.990 kr (var 27.367 kr)
Cyclone 132 cm



Gott loft er gríðarlega mikilvægt, í vinnunni, heima hjá okkur og í skólastofum. Rannsóknir hafa sýnt að léleg loftgæði eykur líkur á sýkingum, veikindum og hefur áhfir á heilsu okkar. Gott inniloft skiptir máli.



Risaviftur
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð 59.990 kr (var 65.373 kr)

BÆTIR LOFTGÆÐI
JAFNAR HITASTIG

Tilboð 54.990 kr (var 59.870 kr)



Tilboð 21.990 kr (var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

ísúsið viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Endurmótaðu húðina

MEÐ LÍFVIRKUM EFNUM ÚR NÁTTÚRU ÍSLANDS



TARAMAR sérhæfir sig í þróun á afburða hreinum íslenskum húðvörum sem hafa mikla getu til að styrkja og endurmóta húðina.

Virkni varanna hefur verið sannprófuð af óháðum aðilum (Dermscan, Frakklandi) og sýnt fram á að eftir 28 daga notkun er húðin sléttari og fyllri með meiri raka, ljóma og fallegri litatóna.

Frítt dagkrem með hverju augnkremi
Hagkaup Kringlunni, Smáranum, Garðabæ, Akureyri
Lyfjaver, Íslandsapótek og www.taramar.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Ukulele á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



TILBOÐ
Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is





SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Osprey Bakpokar

-eitt mesta úrval landsins!

Kestrel 38L Göngubakpoki

33.990 kr.



- Lífstíðarábyrgð
- Stillanlegt bak
- Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
- Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
- Göngustafa festing
- Hámarksöndun í baki
- Flöskuvasar
- Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
- Vasi á mjaðmabelti
- Vasi í topploki
- Netavasi með lyklahengju undir topploki
- Hægt að opna á hliðinni
- Netapoki
- Tvískipt hólf
- Lykkja fyrir ísöxi
- Svefnpokaólar



OSPREY



Aether 65L ♂ / Ariel 65L ♀
Burðarbakpoki
51.990 kr



Raptor 10L ♂ / Raven 14L ♀
Hjólabakpoki
26.990 kr / 27.990 kr



Talon 22L ♂ / Tempest 30L ♀
Fisléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr



Arcane Tote Pack 20L ♀♂
Gerður úr endurunnum efnum
19.990 kr



Transporter dufflar
Verð frá: **23.990 kr**



Hydraulics vatnspokar
Verð frá: **7.590 kr**



Regnplast í ýmsum stærðum
Verð frá: **4.190 kr**



Skipulagspokar
Þrír saman í einum pakka
6.490 kr



Seral 7
Mittistaska með vatnspoka
17.990 kr



Daylite Waist
Mittistaska fyrir nauðsynjar
6.490 kr



Daylite 13L
Alhliða bakpoki
11.990 kr



Daylite Duffel 30L
Alhliða taska
13.990 kr

Stingum af ...


GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Veðurspá Þriðjudagur



Vestan og síðar norðvestan 5-13 m/s í dag. Víða dálítil rigning, súld eða léttar skúrir, en styttir upp að mestu suðvestantil síðdegis. Hiti 6 til 12 stig, en allt að 15 stig á Suðausturlandi. ■

Vinningstölur í Sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Dregið hefur verið í sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 2021. Vinningar komu á eftirtalin númer:

1. Vinningur Kia e-soul að verðmæti 4.999.777,- kr.

10553

2.-6. Vinningur: Gjafabréf frá Heimsferðum að verðmæti 600.000,- kr.

2920 16444 23044 36861 51896

7.-100. Vinningur: Gjafabréf frá Heimsferðum að verðmæti 300.000,- kr.

369	4507	10216	19477	31963	37451	42733	49732	58211
1300	5350	10614	20575	32261	38026	42739	51210	58353
1355	5490	10984	21260	32384	38261	45965	52224	58537
1630	5742	11111	23379	32768	38383	46824	52488	59689
1810	6153	11705	23761	33416	38524	47792	53012	59843
2236	6412	14015	24461	33859	38667	47965	53971	60707
2328	6738	15116	24933	34635	39450	48935	54070	
2962	7147	15632	29700	34771	41127	49236	55155	
3078	8254	17697	30359	35765	41602	49278	55220	
3850	9045	18356	30396	36946	41630	49560	55373	
4166	9899	19474	31751	37013	41871	49610	56128	

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900. Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu félagsins www.slf.is

Hjartans þakkir fyrir stuðninginn!



Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

Þriðjudaga kl. 19.00

BÓNUS Lemon HRINGBRAUT

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Ian Nepomniachtchi (2792) átti leik gegn Levon Aronian (2781) á sterku at- og hraðskákmóti í París um helgina.


29. Dxh6! fxe4 30. Hd5! Dxe3 31. Dxe3 exd5 32. Dg5+ og Nepo vann skömmu síðar. Wesley So var efstur fyrir hraðskákhlutann sem hófst í gær. Vladimir Kramnik er þar meðal keppenda. Vignir Vatnar vann Laugardalslaugarmótið sem fram fór á laugardaginn.
www.skak.is: Ofurmót í París. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 FJÖRGAST
5 SPREIA
6 ÍÞRÓTTAFÉLAG
8 GERSIGRA
10 ÞEGAR
11 PIRRUÐ
12 NÝLEGA
13 TITILL
15 BJÁNAST
17 KVK NAFN

LÓÐRÉTT
1 LEMSTRA
2 INNVOLS
3 MERKI
4 TÁLMA
7 NYTJA
9 MIÐAR
12 SNEMMA
14 SÁR
16 STÖÐUGT

LÁRÉTT: 1 liðna, 5 úða, 6 fh, 8 bursta, 10 er, 11 erg, 12 áðan, 13 jarl, 15 aulast, 17 maría.
LÓÐRÉTT: 1 iðberja, 2 iður, 3 far, 4 aftra, 7 hagnýta, 9 seðlar, 12 arða, 14 aum, 16 sl.



Sudoku

3	1		5					
	9				4	8	6	
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
				7	1		5	
1								

	2		3				9	
				6				7
			9	2	4			6
					5	3		
9			4	1	8			
7				9			8	2
		4				7		1
	7					8		
3	1							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hugmyndir um stöðu mannsins

Nína Hjördís Þorkelsdóttir fékk nýlega Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir ljóðabókina Lofttæmi.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is



Rödd ljóðskáldsins skiptir máli, segir Nína. MYND/AÐSEND

„Þessi styrkur skiptir mig mjög miklu máli, ég held að hann hljóti að vera mikilvægur fyrir alla sem hljóta hann. Þegar maður er skúffuskáld þá vantar mann ekki bara fjárhagslegan stuðning til að koma verkum á framfæri heldur líka viðurkenningu. Þarna fékk ég staðfestingu á að ég ætti að halda áfram að gera það sem ég var byrjuð á," segir Nína.

Lofttæmi er fyrsta bók Nínu sem hefur ekki áður birt skáldskap sinn opinberlega. „Þetta er heildstæð ljóðabók. Ég endurnýtti aðeins tveggja til þriggja ára gamalt efni, en flest ljóðin voru skrifuð í fyrra og á þessu ári. Ég hafði lengi verið að semja stök ljóð. Svo kom hugmynd að ljóðabók til mín og þá fór ég að nálgast ljóðagerð dálítið öðruvísi en ég hafði gert hingað til. Ég fór að hugsa um ljóðið sem hluta af heild. Þetta var ótrúlega þroskandi ferli og mér fannst ég að vissu leyti enduruppgötva sjálfa mig sem ljóðskáld."

Fersk sýn

Spurð um yrkisefni segir hún: „Ég lærði flautuleik og þarna eru ákveðin þemu sem tengjast tónlist og minni persónulegu reynslu sem hljóðfæraleikara. Svo fléttast inn í þetta hugmyndir um stöðu mannsins í heiminum sem einkennist um margt af viðleitni hans til þess að skapa list og þekkingu, en á sama tíma er hann á góðri leið með að tortíma heimkynnum sínum. Mér finnst þessi togstreita áhugaverð."

Í umsögn bókmenntaráðgjafa um verkið segir: „Skynjun á tilvist og umhverfi er miðlað af næmri tilfinningu en allt er þetta jafnframt skoðað af vísindalegri nákvæmni á heillandi hátt. Lífverur, jörð og loft eru sett undir smásjá í ljóðum sem birta ferska sýn á líf í hverfulum heimi."

Gefandi að yrkja

Nína segir aðspurð að fjölmörg ljóðskáld hafi veitt sér innblástur í gegnum tíðina. „Í menntaskóla byrjaði ég að lesa ljóð af kappi. Fyrsta skáldið sem ég varð virkilega hrifin af var Dagur Sigurðarson og ég las Hlutabréf í sólarlaginu aftur og aftur. Út frá því fór ég að fylgjast með ljóðahópnum Nýhil sem var mjög öflugur á sínum tíma. Það er enn mikil gróska og kraftur í ljóðlistinni í dag og mikið af ungum skáldum að gera áhugaverða hluti."

Nína er að hefja viðræður við útgefendur vegna bókar sinnar. „Ég ætla tvímælalaust að halda áfram að skrifa. Mér finnst mjög gefandi að yrkja. Rödd ljóðskáldsins skiptir máli og er mikilvæg fyrir mig persónulega. Ég mun ekki sleppa takinu á ljóðlistinni." ■

Framtíð íslensks sjávarútvegs og fiskeldis: Tækifæri og áskoranir

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, boðar til ráðstefnu þriðjudaginn 22. júní kl. 13 um framtíð íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Ráðstefnan fer fram í Kaldalóni í Hörpu og er öllum opin. Á ráðstefnunni verður gerð grein fyrir nýlegri skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi og rætt um þau tækifæri og áskoranir sem blasa við.

Dagskrá:

- **Opnun:** Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
- **Íslenskur sjávarútvegur og fiskeldi 2030**
  - Erindi: Sveinn Agnarsson, prófessor við viðskiptafræðideild HÍ
- **Nýsköpun: Forsenda verðmætasköpunar til framtíðar**
  - Erindi: Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri nýsköpunar, samfélagsábyrgðar og fjárfestatengsla hjá Brim
- **Framtíðin: Tækifæri og áskoranir**
  - Erindi: Dr. Gunnar Haraldsson, hagfræðingur og ráðgjafi
- **Pallborðsumræður:**
  - Agnes Guðmundsdóttir, markaðs- og sölustjóri Icelandic Asia og formaður félags kvenna í sjávarútvegi
  - Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka
  - Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood
  - Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi
  - Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar

Fundarstjórn:

- Bergur Ebbi Benediktsson

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



IMPERIAL
Þiggja sæta sófi og hægindastóll úr svarbláu sléttflaueli. Imperial er einnig fáanlegur í ljósbrúnu, olíuvaxbornu leðri.

3ja sæta sófi í sléttflaueli
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

Hægindastóll í sléttflaueli
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

3ja sæta sófi í leðri
279.993 kr. ~~399.990 kr.~~

Hægindastóll í leðri
167.993 kr. ~~239.990 kr.~~



BILOXI
3ja sæta sófi
77.994 kr. ~~119.990 kr.~~



WOODSTOCK
Sófaborð úr olíuborinni eik eða svörtum aski. Tvær stærðir.

Stærð: 120x60 cm
29.992 kr.
~~39.990 kr.~~

Stærð: 80x80 cm
26.243 kr.
~~34.990 kr.~~



COUVIN
Glerskápur/svart birki
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

Fallegur borðbúnaður – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!

Medusa Copenhagen



HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 **Lengjudeildarmörkin (e)** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Eldhugar (e)** Í Eldhugum fer Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 **433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 **Sumarlandabrot**
11.10 **Kastljós**
11.25 **Menningin**
11.35 **Helgi syngur Hauk**
12.45 **Komdu að sigla**
13.10 **Söngvar um svífandi fugla**
13.55 **Sameinaðar þjóðir. Aðkallandi lausnir á umbrotatímum**
14.30 **Gleðin í garðinum**
15.00 **Það er gott að vera hér. Leonard Cohen á Íslandi**
16.10 **Aldamótabörn verða tvítug**
17.10 **Loftlagsþversögnin**
17.20 **Við getum þetta ekki**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Rosalegar risaeðlur**
18.29 **Hönnunarstirnin**
18.46 **Bílskúrsbras**
18.50 **Sumarlandabrot 2020**
19.00 **Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Sumarlandabrot**
20.05 **Martin Clunes. Eyjar Ameríku Martin Clunes. Islands of America**
20.55 **Græni slátrarinn Den gröne slaktaren**
21.25 **Dagbók smákrimma Måste Gitt**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco** Sakamálaþættir um bresku rannsóknarlögreglukonurnar Millie og Jean. Þær nýta sérfræðikunnáttu sína í dulkóðun til að rannsaka röð morða í San Francisco. Aðalhlutverk: Julie Graham, Rachael Stirling og Crystal Balint. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.05 **Þýskaland '86 Deutschland '86**
23.50 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

10.00 **PGA Special. Nicklaus. Re-Designing Muirfield Village Golf Club**
10.20 **2021 PGA Tour Champions Learning Center**
10.40 **LPGA Tour** Útsending frá Meijer LPGA Classic.
13.45 **LPGA Tour**
16.45 **LPGA Tour**
19.45 **LPGA Tour** Útsending frá Meijer LPGA Classi.
22.45 **PGA Special. One Shot Away**
23.10 **PGA. The 9**
23.30 **PGA Special. Memorial Week of Show**

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **Life Unexpected**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Líf kviknar** Íslensk þáttaröð sem byggð er á bókinni Kviknar og fjallar um getnað, meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Kviknar er sambland af fræðilegum upplýsingum, reynslusögum og svörum við algengum spurningum.
20.45 **Younger**
21.15 **Bull**
22.05 **Hightown**
23.00 **Pose**
00.00 **The Late Late Show**
00.45 **Love Island** Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
01.40 **Ray Donovan**
02.30 **Normal People**
03.00 **Queen of the South**
03.45 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið** Fyrri og seinni hluti
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Lofthelgin**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Hvar erum við núna?** Í hellaskoðun
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu** Strengjakvartetta-tvíæringurinn í Barcelona
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.30 **Kvöldsagan. Njáls saga** (26 af 29)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

10.25 **Time Freak**
12.05 **The Kindergarten Teacher**
13.40 **Parenthood**
15.40 **Time Freak**
17.20 **The Kindergarten Teacher**
18.55 **Parenthood**
21.00 **Jexi**
22.20 **Jay & Silent Bob Reboot**
00.05 **Bennett's War**
01.35 **Jexi**

Stöð 2

07.55 **Heimsókn**
08.10 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Divorce**
09.50 **Logi í beinni**
10.40 **Your Home Made Perfect**
11.40 **NCIS**
12.20 **Friends**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The Good Doctor**
13.40 **Ísskápastríð**
14.10 **Lýðveldið**
14.35 **City Life to Country Life**
15.15 **Feðgar á ferð**
15.40 **BBQ kóngurinn**
15.55 **Who Wants to Be a Millionaire**
16.40 **Veronica Mars**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Einkalífið**
19.40 **Last Man Standing**
20.05 **Shrill**
20.35 **Manifest**
21.20 **The Girlfriend Experience**
21.55 **S.W.A.T.**
22.35 **Last Week Tonight with John Oliver**
23.10 **The Wire** Löggurnar nýta sér gervihnattatækni sér í hag og undirbúa aðgerðir í von um að ná toppmanninum í eiturlyfjaheiminum.
00.10 **The Gloaming**
01.05 **Coroner**
01.45 **LA's Finest**
02.35 **The Mentalist**
03.15 **Divorce**
03.45 **Your Home Made Perfect** Önnur þáttaröð þessa stórgóðu bresku þátta þar sem arkitektar keppast við að hanna falleg heimili með aðstoð tæknninar.

Stöð 2 Sport

07.55 **Pepsi Max Stúkan**
08.50 **Þróttur R. - Víkingur Ó.** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
10.35 **Haukar - FH** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
11.55 **Grindavík - Afturelding** Útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna.
13.35 **Stjarnan - HK** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
14.50 **ÍBV - Valur**
16.05 **Selfoss - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
17.45 **Víkingur R. - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
19.30 **Dominos Körfuboltakvöld - Upphitun**
20.05 **Keflavík - Þór. Þ** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
22.00 **Dominos Körfuboltakvöld**
22.40 **Þór - Grindavík** Útsending frá leik r í Mjólkurbikar karla.

Stöð 2 Sport 2

07.50 **Real Madrid - Atlético Madrid**
09.30 **Atalanta - Napoli**
11.10 **AC Milan - Juventus**
12.50 **Barcelona - Real Sociedad**
14.35 **AC Milan - Inter Milan**
16.15 **Tyrkland - Ítalía**
18.00 **EM í dag - Upphitun**
18.50 **Króatía - Skotland** Bein útsending frá leik í EM 2020.
21.00 **EM í dag**
22.00 **Liverpool - Midtjylland**
23.40 **CSKA Moskva - Feyenoord**



Óvenjulegar aðstæður á fasteigna-markaði

– aldrei færri eignir á sölu

Í ljósi þess að fáar eignir eru á sölu finna kaupendur ekki alltaf rétta heimilið. **LIND fasteignasala** er með nokkrar lausnir á vandanum.

Þú skráir eignina þína í sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili fyrir þig áður en þú selur.

Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat og lýsingu á eigninni. Við mætum með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur þá setjum við allt á fullt og aðstoðum þig við kaup á nýju heimili.

Ef rétta heimilið finnst ekki fyrir þig og við seljum ekki eignina þína, þá greiðir þú ekki neitt.

Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina eða fáðu tilboð í lausnir okkar á **FASTLIND.is**.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 · Kópavogi
s. 510 7900 · FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



ÞEKKING OG REYNSLA · frittverdmat.is · nyjaribudir.is

Ætla að fá alla til að dansa



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Í kvöld stígur bandið Inspector Spacetime á svið í Máli og menningu við Laugaveg. Nafnið kemur úr sjónvarpsþáttunum Community sem meðlimir bandsins, þau Egill, Vaka og Elías, halda öll mikið upp á.

Hljómsveitin Inspector Spacetime spilar í kvöld í Máli og menningu á Laugaveginum. Inspector Spacetime er skipuð þeim Agli Gauta Sigurjónssyni, Vöku Agnarsdóttur og Elíasi Geir Óskarssyni.

„Hljómsveitin varð til í fyrsta samkomubanninu, við byrjuðum fyrst að fikta eitthvað smá í hálfgerðu gríni rétt áður en það byrjaði en svo þegar skólunum var lokað og við vorum bara að vinna verkefni á netinu höfðum við skyndilega rosamikinn frítíma og við sömdum bara fullt af lögum og ákváðum að stofna popphljómsveit fyrir alvöru," útskýrir Egill.



Bandið heldur mikið upp á sjónvarpsþættina Community og kemur nafnið á sveitinni úr þeim. MYND/BRYNJA

Kynntust betur í menntó

Elías og Egill höfðu þekkst í nokkurn tíma en kynntust Vöku í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

„Við Elías vorum saman í grunnskóla og vorum alltaf kunningjar en urðum svo alvöruvinir í MH og það var einmitt þar sem við kynntumst Vöku. Nú erum við öll bestu vinir og við njótum þess alveg hrikalega mikið að vinna saman," segir Egill.

Hann segir að auðveldast væri að lýsa tónlistinni þeirra sem poppi.

„En við sækjum innblástur mjög víða og danstónlist er fremst í flokki hjá okkur. Við elskum gott franskt house, diskó og slíkt en við dettum líka oft í teknó og hyperpop, við reynum að hafa fjölbreytni í lögunum okkar því það eru svo margar stíltegundir sem við viljum prófa."

> Við Elías vorum saman í grunnskóla og vorum alltaf kunningjar en urðum svo alvöruvinir í MH og það var einmitt þar sem við kynntumst Vöku.

Rafmögnuð stemning

Nafn hljómsveitarinnar kemur úr sjónvarpsþáttunum Community.

„Í þeim eru persónur sem horfa oft á þætti sem heita Inspector Spacetime. Við erum miklir Community-aðdáendur og okkur fannst þetta bara virka svo vel sem hljómsveitarnafn," segir Egill.

Reynsla meðlima bandsins af tónlistinni var mismikil fyrir stofnun bandsins.

„Við Vaka höfðum í raun enga reynslu fyrir þetta en Elías var búinn að gera tvö lög fyrir myndbandanefnd MH. Svo var hann búinn að fikta sig áfram í tölvunni sinni í nokkur ár án þess að gefa neitt út en ég vissi lengi að hann væri mjög flinkur."



Hljómsveitin lofar miklu stuði á tónleikunum í Máli og menningu í kvöld. MYND/BJÖRN ÓTTAR

Það er nóg að gera á næstunni hjá Inspector Spacetime.

„Við erum aðallega bara að spila á fullu í sumar, við erum sennilega spenntust fyrir því að spila á LungA í júlí en svo ætlum við mögulega að gefa út eitt lag fyrir lok sumars," segir hann.

> Við erum aðallega bara að spila á fullu í sumar, við erum sennilega spenntust fyrir því að spila á LungA í júlí.

Egill lofar rafmagnaðri stemningu á tónleikunum í kvöld.

„Við munum reyna okkar allra besta til að fá alla í salnum til að dansa rosalega mikið og líða geðveikt vel," segir Egill glaðbeittur.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og það kostar 1.000 krónur inn. ■




Brandenburg | sía
78% LANDSMANNA
ERU NÚ BÓLUSETT
OG AÐ PLANA SUMARIÐ
HELMINGUR
ÞEIRRA LES
FRÉTTABLAÐIÐ*
ERT ÞÚ AÐ NÁ Í RÉTTA FÓLKIÐ?
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og
á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.
FRÉTTABLAÐIÐ
*35–65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali samkvæmt prentmælingum Gallup

Heimildamyndir eru góður spegill á samtímann

Heimildamyndahátíðin IceDocs verður sett á miðvikudaginn af forsetafrú Íslands, Elizu Reid. Hátíðin var stofnuð af þeim Ingibjörgu, Halli Erni og Heiðari Mar. Dagskráin verður fjölbreytt og ekki einvörðungu boðið upp á heimildamyndir.

steingerdur@frettabladid.is

> **Mér finnst þær líka sanna einhvern veginn fyrir mér að það er eitthvað sammannlegt til. Eitthvað sem bindur okkur saman sem tegund, sama hvaða aðstæður við erum fædd inn í.**

Á miðvikudaginn hefst heimildamyndahátíðin IceDocs á Akranesi. Ingibjörg Halldórsdóttir er framkvæmdastjóri og einn þriggja stofnenda hátíðarinnar.

„Þær heimildamyndir sem við sýnum eru flestar drifnar áfram af miðlinum þannig að þær eru frekar eins og bíómyndir en hefðbundnar heimildamyndir. Það er til dæmis sjaldan sögumaður sem leiðir áhorfandann í gegnum þær. Svona heimildamyndir sem geta spilast sem spennumyndir. President eða gamanmyndir eins og The Mole Agent eiga ekki vísan stað í dagskrá kvikmyndahúsa og í sjónvarpi og okkur langaði að auka aðgengi að þeim. Þar að auki langaði okkur að koma með alþjóðlegan viðburð á Akranes og nýta þannig þá kosti sem bærinn, með þetta kvikmyndahús, hefur upp á að bjóða," útskýrir Ingibjörg.

Verðugt verkefni

Hátíðin var stofnuð af Ingibjörgu, Halli Erni Árnasyni og Heiðari Mar Björnssyni.

„Við Hallur Örn hittumst í bíó og fórum að spjalla um sameiginlegan áhuga á svona myndum og hversu leitt það væri að sjá þær ekki oftar og að þær ættu ekki stærri áhorfendahóp á landinu og hann einhvern veginn leyfði hugmyndinni ekki að deyja. Ég var alveg hörð á því að ef við stofnuðum hátíð þá þyrfti hún að vera á Akranesi og við höfðum samband við Heiðar Mar, sem er kvikmyndagerðarmaður þar, og hann kveikti strax á því að þetta gæti orðið að verðugu verkefni," segir hún.

Ingibjörg segir heimildamyndir góðan spegil á samtímann.

„Mér finnst þær líka sanna einhvern veginn fyrir mér að það er eitthvað sammannlegt til. Eitthvað sem bindur okkur saman sem tegund, sama hvaða aðstæður við erum fædd inn í. Það er hægt að lesa í þær á margan hátt og oftast þá skín ekki bara sagan sjálf í gegn heldur einnig tenging kvikmyndagerðarmannsins við viðfangsefnið og persónuleiki hans. Þannig er lokaafurðin alltaf háð sjónarhorni þeirra sem gera myndirnar. Þær eru sterkur miðill af því við sem áhorfendur vitum að það sem gerist í þeim hefur gerst í raunveruleikanum og þannig bætist við annað merkingarlag á það sem við horfum á í bíó og upplifunin verður sterkari en ella."

Fjölbreytt úrval mynda

En af hverju er hátíðin haldin á Akranesi?

„Það er svo margt sem mælir með því. Akranes er stutt frá Reykjavík, þar er eitt allra fallegasta bíó á landinu og það spillir ekki fyrir að það er frábærlega vel búið. Hátíðinni er ætlað að vera alþjóðleg og við fengum talsvert mikið af erlendum gestum fyrsta árið og það er mikilvægt fyrir mig að þau upplifi sig sem hluta af hátíðinni allan tímann sem þau eru hjá okkur. Á Akranesi er allt til alls og við náum að búa til þorpsanda meðal gestanna okkar," svarar Ingibjörg.

Hún segir að boðið verði upp á fjölbreytt úrval mynda á hátíðinni.

„Þær eru mjög fjölbreyttar, stuttar og langar, en eiga það sameiginlegt að sóma sér vel á bíótjaldi. Sumar eru tilraunakenndar á meðan aðrar segja fallegar sögur á hefðbundnari hátt."

Vegleg dagskrá

Á IceDocs verða sýndar 23 myndir á fimm dögum sem allar hafa verið að gera góða hluti á verðlaunahátíðum og öðrum kvikmyndahátíðum.

„Við horfum á fleiri hundruð mynda þegar við veljum inn svo myndirnar sem verða sýndar eru allar í uppáhaldi, en ég held mest upp á myndir sem veita innsýn í líf venjulegs fólks og þess vegna þykir mér mjög vænt um myndir eins og Dida, sem fjallar um son sem þarf að taka við umönnun móður sinnar, og Anny, sem fjallar um konu sem fer út í vændi hálffimmtug."

Dagskráin er glæsileg og boðið upp á margt fleira en bara heimildamyndir.

„Frú Eliza Reid setur hátíðina á miðvikudag, það er pub-kviss og uppistand á fimmtudag, á föstudag koma Gugusar og DJ Sturla Atlas fram og á lokahófinu verður Flott hljómsveit með okkur. Við erum með tvö full námskeið fyrir börn á þriðjudag og miðvikudag. Þau sýna svo afraksturinn á laugardeginum. Þá erum við með kynningar á Ísland á filmu, spennandi nýjum vef Kvikmyndasafns Íslands í Akranesvita og skemmtilega viðburði. Það er frítt inn á sýningar og viðburði en við þiggjum frjáls framlög," segir Ingibjörg.

Hún bætir við að stefnan sé að mynda notalega þorpsstemningu.

„Ég held það finni allir eitthvað við sitt hæfi og ef einhver kemst ekki þá bjóðum við upp á flestar myndirnar á vefnum okkar, icedocs.is, gegn vægu gjaldi."

Hátíðin er sett á miðvikudaginn og stendur út vikuna. ■



Ingibjörg er einn þriggja stofnenda heimildamyndahátíðarinnar IceDocs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf


LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

TILTEKTAR DAGAR


20-70%

AFSLÁTTUR



TÖKUM TIL Á LAGER, RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM.
SÓFAR, STÓLAR, RÚM, LJÓS, BORÐ O.S.FRV Á ÓTRÚLEGU VERÐI

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

FRÉTTABLAÐIÐ


550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING

ljosid.is Ljósið

Bakþankar



Hauks Arnar Birgissonar

Sérstakt samband

Sagt er að maður velji sér vini en ekki fjölskyldu. Þannig getur maður orðið fyrir því ansans óláni að sitja uppi með vonlausa ættingja til lífstíðar. Erfitt er þó að vorkenna þeim sem halda trúnað við vini sem ítrekað bregðast á ögurstundu eða misnota traustið. Á lífsleiðinni stofnar maður til fjölmargra trúnaðarsambanda við vini, maka, vinnufélaga og viðskiptafélaga. Allt mikilvæg sambönd en eitt er þó öllum öðrum sterkara.

Frá því ég var barn hafa fjórar manneskjur klippt hár mitt. Sú fyrsta fór á eftirlaun, næsta hætti eftir barnsburð, sá þriðji klippti mig þar til hann slasaðist á reiðhjóli og það var þá sem hún Una tók við mér, munaðarlausum manninum. Í fyrstu átti þetta bara að vera tímabundið samband, eða þar til minn fyrrverandi jafnaði sig í viðbeininu. Hins vegar þróaðist samband okkar Unu með hverri heimsókninni. Eins og tíðkast milli kúnna og hárskera þá skiptumst við á lífsskoðunum, fjölskyldusögum, ræddum heimsmálin og íþróttir. Samband okkar varð sífellt nánara og endaði með því að hún varð ófrísk. Alls ekki af mínum völdum, vel á minnst.

Ég var þakklátur mínum fyrrverandi þegar hann féllst á að taka aftur við mér. Hann virtist sýna framhjáhaldi mínu dæmalausan skilning. Fyrir skemmstu dró þó til tíðinda og hann dömpaði mér fyrirvaralaust. Sagðist ætla að leggja skærin á hilluna, rétt miðaldra maðurinn. Ekki veit ég hversu stóran þátt ég átti í ákvörðun hans en fyrir mann eins mig, sem þjakaður er af íhaldssemi, er erfitt að skipta aftur um klippara. Þá er nú gott að Una sé aftur mætt til starfa. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar



HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.



SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR



HANDGERT ILMKERTI MEÐ SUMARLEGUM BERJAILMI



VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI



SUMARLEG SÆNGURVERASETT



OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.





Svefn & heilsa ★★★★★

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNES 6 – AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.